

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/455**2019/EES/6/06**

frá 16. mars 2018

um frekari skyldur og verkefni fyrir tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á fisk- og krabbadýrasjúkdómum og um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽¹⁾, einkum 5. og 6. mgr. 32. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ⁽²⁾, einkum 1. mgr. 55. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er mælt fyrir um almenn verkefni, skyldur og kröfur sem varða tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir matvæli og fóður og fyrir heilbrigði dýra. Tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir rannsóknir á heilbrigði dýra og lifandi dýrum eru tilgreindar í II. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004. Í 15. lið II. hluta þess viðauka er Centre for Environment, Fisheries & Aquaculture Science (Cefas), Weymouth, Bretlandi, skráð sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á krabbadýrasjúkdómum.
- 2) Í tilskipun 2006/88/EB er mælt fyrir um kröfur um heilbrigði dýra við setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og innflutning þeirra og umflutning um Sambandið og tilteknar lágmarksforvarnar- og varnarráðstafanir vegna tiltekinna sjúkdóma í þeim dýrum. Í 1. mgr. 55. gr. tilskipunar 2006/88/EB er kveðið á um tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofum ESB fyrir rannsóknir á lagardýrasjúkdómum sem skipta máli fyrir þá tilskipun.
- 3) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 737/2008 ⁽³⁾ var Centre for Environment, Fisheries & Aquaculture Science (Cefas), Weymouth Laboratory, Bretlandi tilnefnd sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á krabbadýrasjúkdómum frá 1. júlí 2008 til 30. júní 2018. Í 3. mgr. 55. gr. tilskipunar 2006/88/EB er kveðið á um endurskoðun á verkefnum þeirrar rannsóknarstofu.
- 4) Sem afleiðing af tilkynningu Bretlands í samræmi við 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið getur Cefas ekki gegnt áfram hlutverki sínu sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á krabbadýrasjúkdómum á tímabilinu sem hefst 1. júlí 2018.
- 5) Í ljósi samlegðaráhrifa tæknibekkingar, afkastagetu rannsóknarstofa og tengslamyndunar við landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur ætti tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á fisksjúkdómum einnig að taka að sér verkefni og hlutverk tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á krabbadýrasjúkdómum.
- 6) Danmarks Tekniske Universitet, Veterinærinstituttet Afdeling for Diagnostik og Beredskab — Fiskesygdomme, 2800 Kgs. Lyngby, Danmörku, sem hefur verið tilnefnd sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á fisksjúkdómum, ætti því að taka að sér verkefni og hlutverk tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á krabbadýrasjúkdómum.
- 7) Tilgreina ætti DTU Veterinærinstituttet Afdeling for Diagnostik og Beredskab — Fiskesygdomme, sem tekur við skyldum tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á fisk- og krabbadýrasjúkdómum, sem tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á krabbadýrasjúkdómum frá 1. júlí 2018 til 30. júní 2023. Auk þess ætti hún að vera á skrá í II. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004. Því ætti að breyta II. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 77, 20.3.2018, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 737/2008 frá 28. júlí 2008 um tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofum Bandalagsins fyrir sjúkdóma í krabbadýrum, hundaæði og berkla í nautgripum, um frekari skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins fyrir hundaæði og berkla í nautgripum og um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 (Stjtið. ESB L 201, 30.7.2008, bls. 29).

- 8) Til að tryggja snurðulausa samfelldni í starfsemi tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á krabbadýrasjúkdómum þykir rétt að kveða á um tiltekna dagsetningu þegar ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, koma til framkvæmda.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Danmarks Tekniske Universitet, Veterinærinstituttet Afdeling for Diagnostik og Beredskab — Fiskesygdomme, 2800 Kgs. Lyngby, Danmörku skal sinna skyldum og verkefnum tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á krabbadýrasjúkdómum frá 1. júlí 2018 til 30. júní 2023.

2. gr.

Ákvæðum II. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 6. liðar komi eftirfarandi:

„6. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á fisk- og krabbadýrasjúkdómum

Danmarks Tekniske Universitet

Veterinærinstituttet

Afdeling for Diagnostik og Beredskab — Fiskesygdomme, Kemitorvet, Bygning 202

2800 Kgs. Lyngby

Danmörk“

- 2) Ákvæði 15. liðar falli brott.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. mars 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.